

Sérlög Rótarýklúbbsins Reykjavík-Miðborg

1. gr.

Gildissvið og skilgreiningar

Sérlög þessi eru sett með vísan til 17. gr. grundvallarlaga Rótarýklúbbsins Reykjavík-Miðborg frá 16. maí 2011 og eru þeim til fyllingar. Grundvallarlögin og sérlögin ber að skoða sem eina heild. Jafnframt falla úr gildi sérlög klúbbsins frá 30. maí 1994.

Í sérlögum þessum hafa orðin hér á eftir þá merkingu sem hér segir nema annað leiði augljóslega af samhenginu:

- | | |
|------------------------|--|
| 1. Stjórn: | Stjórn klúbbsins. |
| 2. Stjórnarmaður: | Stjórnarmaður í klúbbum. |
| 3. Félagi: | Félagi annar en heiðursfélagi í klúbbum. |
| 4. RI: | Rotary International. |
| 5. Ár: | Tólf mánaða tímabil sem hefst 1. júlí. |
| 6. Fráfarandi forseti: | Fyrirverandi forseti er síðast lét af störfum. |

2. gr.

Stjórn

Stjórn klúbbsins skipa sex félagar, þ.e. forseti, viðtakandi forseti sem jafnframt er varaforseti, ritari, gjaldkeri, stallari og fráfarandi forseti.

3. gr.

Stjórnarkjör

- Eigi síðar en einum mánuði fyrir kjörfund skv. 1. tölul. 5. gr. skal forseti leita eftir tilnefningum félaga um stjórnarmenn, þ.e. forseta, ritara, gjaldkera og stallara. Tilnefning skal vera skrifleg og afhent forseta eða ritara innan tíu daga. Kjörgengir eru allir félagar nema heiðursfélagar. Hver félagi má tilnefna einn mann í hvert embætti. Ef einungis einn félagi er tilnefndur í embætti, er hann sjálfkjörinn. Í öðrum tilvikum skulu tilnefningar sem berast skráðar á kjörseðil í stafrófsröð fyrir hvert embætti fyrir sig sem lagður er fram og kynntur á kjörfundi þar sem fram fer atkvæðagreiðsla. Atkvæðisrétt hafa allir félagar nema heiðursfélagar. Þeir frambjóðendur í embætti forseta, ritara, gjaldkera og stallara er flest atkvæði fá skulu lýstir kjörnir í viðkomandi embætti. Séu atkvæði jöfn skal hlutkesti ráða. Sá félagi sem þannig er kjörinn forseti nefnist tilnefndur forseti. Á því starfsári sem hefst 1. júlí eftir kjör hans nefnist hann viðtakandi forseti og er þá jafnframt varaforseti klúbbsins. Hann tekur síðan við sem forseti 1. júlí árið þar á eftir.
- Stjórnarmenn sem kosnir eru skv. 1. tölul. þessarar greinar mynda ásamt fráfarandi forseta stjórn klúbbsins, sbr. 2. gr. Starfstímabil hennar hefst 1. júlí, sbr. lokamálslið 1. tölul. Fyrsti fundur í júlí er jafnframt aðalfundur klúbbsins, sbr. 2. tölul. 5. gr.
- Forfallist stjórnarmaður skulu aðrir stjórnarmenn velja eftirmann hans.
- Forfallist viðtakandi stjórnarmaður skulu aðrir viðtakandi stjórnarmenn velja eftirmann hans.
- Skoðunarmenn reikninga klúbbsins eru tveir, sbr. 12. gr. Hvor þeirra er kjörinn til tveggja ára og skal einn kjörinn á ári samkvæmt tillögu stjórnar.

4. gr.

Skyldur stjórnar- og annarra embættismanna

1. *Forseti*. Forseti stjórnar fundum klúbbs og stjórnar. Hann er málsvari klúbbsins og gegnir öllum forsetaskyldum samkvæmt lögum klúbbsins og RI og venjum.
2. *Viðtakandi forseti (varaforseti)*. Viðtakandi forseti er jafnframt varaforseti klúbbsins, sbr. 1. tölul. 3. gr. Hann stjórnar fundum klúbbs og stjórnar í fjarveru forseta og sinnir öðrum þeim skyldum sem venjulega fylgja embætti varaforseta.
3. *Ritari*. Ritari annast bréfaskipti klúbbsins í samráði við forseta, heldur félagaskrá, sendir út tilkynningar frá stjórn og nefndum klúbbsins og skráir og varðveitir fundargerðir klúbb-, stjórnar- og nefndarfunda. Hann útbýr og sendir eftirfarandi til RI og umdæmisstjóra (skrifstofu íslenska rótarýumdæmisins) eftir því sem við á:
 - a. Misserisskýrslu 1. janúar og 1. júlí ár hvert ásamt gjöldum til þessara aðila vegna klúbbfélaga.
 - b. Breytingar á félagaskrá og starfsgreinum.
 - c. Tilkynningar um stjórnarkjör eigi síðar 31. desember ár hvert.
 - d. Önnur skjöl og tilkynningar sem RI kann að mæla fyrir um.
 - e. Áskriftargjald fyrir Rotary Norden.
 - f. Tilkynningar um breytingar á fundarstað og tíma.

Eitt afrit af öllum ofangreindum skjölum skal varðveitt í skjalasafni klúbbsins nema þegar um er að ræða rafrænar skráningar á vef RI eða vef íslenska rótarýumdæmisins.

Ritari skráir á vef íslenska rótarýumdæmisins upplýsingar um nýja féлага og þá er hættu, mætingu féлага á klúbbfundi, nefndarfundi eða á aðra viðburði er gefa mætingu. Hann skráir einnig mætingu annarra rótarýfélaga sem taka þátt í fundum eða öðrum viðburðum á vegum klúbbsins. Þetta skal gert sem fyrst eftir hvern viðburð og eigi síðar en 15 dögum frá síðasta fundi mánaðar. Þá sér hann til þess að gestir skrái nöfn sín í gestabók klúbbsins. Ritari skal einnig sinna öðrum þeim skyldum sem venjulega fylgja embætti ritara eða sem forseti eða stjórn mæla fyrir um.

4. *Gjaldkeri*. Gjaldkeri ber ábyrgð á öllum sjóðum klúbbsins og gerir grein fyrir þeim árlega svo og hvenær sem stjórn óskar eftir. Hann ber ábyrgð á gerð fjárhagsáætlunar, innheimtu félagsgjalda og frágangi uppgjors, sbr. 12. gr. Hann greiðir reikninga fyrir hönd klúbbsins og tekur við greiðslum sem fylgja starfsemi hans. Gjaldkeri skal einnig sinna öðrum þeim skyldum sem venjulega fylgja embætti gjaldkera eða sem forseti eða stjórn mæla fyrir um. Við starfslok skal gjaldkeri afhenda viðtakandi gjaldkera eða viðtakandi forseta alla sjóði og aðrar peningalegar eignir klúbbsins.
5. *Stallari*. Stallari sér um að vel sé búið að félögum og gestum á fundum. Hann sér því m.a. um að salarkynni, nauðsynlegur búnaður og veitingar séu til staðar og annast samskipti við viðkomandi aðila. Hann fylgist með því að fastanefndir klúbbsins og aðrir þeir aðilar sem fá það hlutverk að útvega fyrirlesara geri það. Þá er hann ritara til aðstoðar við skráningu mætingar. Stallari skal einnig sinna öðrum þeim skyldum sem venjulega fylgja embætti stallara eða sem forseti eða stjórn mæla fyrir um.
6. *Fráfarandi forseti*. Fráfarandi forseti situr í stjórn klúbbsins árið eftir að hann lætur af störfum, sbr. 2. gr. og 2. tölul. 3. gr. Hann stýrir klúbb- og stjórnarfundum í fjarveru forseta ef varaforseti er einnig forfallaður og sinnir öðrum skyldum sem forseti eða stjórn mæla fyrir um. Ef forseti, varaforseti og fráfarandi forseti eru allir forfallaðir skal leitað til annarra fyrrverandi forseta, fyrst til þess sem síðast lét af störfum.

Forseti skal fela einum stjórnarmanni, öðrum féлага eða sérstakri ritnefnd að hafa umsjón með vefsíðu klúbbsins. Hið sama gildir um fréttabréf sé ákveðið að gefa það út.

5. gr.

Fundir

1. Kjörfundur skal haldinn í desember ár hvert. Á honum skal kjósa stjórn og annan af tveimur skoðunarmönnum reikninga, sbr. 3. og 12. gr.
2. Aðalfundur er fyrsti fundur í júlí ár hvert. Er þetta fyrsti fundur á starfstímabili nýrrar stjórnar sem hefst 1. júlí. Á aðalfundi skal fráfarandi forseti gera grein fyrir ársskýrslu stjórnar liðins starfsárs. Fráfarandi gjaldkeri skal leggja fram til samþykktar ársreikning með áritun og athugasemdum skoðunarmanna. Í ársreikningi skal gera sérstaklega grein fyrir fjárreiðum þjónustuverkefna, sbr. 1. tölul. 12. gr. Ársskýrsla og ársreikningur skulu varðveitt með öðrum skjölum klúbbsins.

Á aðalfundi leggur gjaldkeri nýrrar stjórnar fram til samþykktar tillögu stjórnarinnar að fjárhagsáætlun fyrir starfsárið sem og tillögu að félagsgjaldi og fyrirkomulagi á innheimtu þess, sbr. 6. og 12. gr.

Heimilt er að fresta framlagningu og afgreiðslu ársreiknings, fjárhagsáætlunar og félagsgjalds um mest tvo fundi.
3. Fastafundi skal halda á hverjum mánudegi kl. 12:15 á reglulegum fundarstað klúbbsins. Þó getur stjórn ákveðið að færa til fastafund eða fundarstað eða fella niður fund. Slíkar breytingar skal tilkynna félögum í tæka tíð. Halda skal skrá yfir mætingu eða fjarveru klúbbfélaga á klúbbfundum annarra en heiðursfélaga og félaga án mætingarskyldu skv. 3. tölul. 9. gr. grundvallarlaga klúbbsins. Það telst mæting ef félagi er viðstaddur 60% af fundartíma á fundi klúbbsins eða annars rótarýklúbbs eða eins og kveðið er á um í 1. og 2. tölul. 9. gr. í grundvallarlögum klúbbsins.
4. Allir klúbbfundir eru ályktunarfærir í öllum málum þegar a.m.k. þriðjungur félaga eru á fundi.
5. Stjórnarfundir skal halda svo oft sem þurfa þykir en eigi sjaldnar en ársfjórðungslega. Auk þess skal halda stjórnarfundir ef forseti ákveður eða tveir aðrir stjórnarmenn óska þess. Stjórnarfundir eru ályktunarfærir ef meirihluti stjórnarmanna er á fundi. Afl atkvæða ræður úrslitum. Atkvæði forseta sker úr ef atkvæði eru jöfn.
6. Stefnt skal að því að árlega séu haldnir fjölskyldufundir, makafundir, jólafundur, árshátíð eða skemmtifundir og að klúbbfélagar fari saman í ferðalag.

6. gr.

Félagsgjald

Stjórn gerir tillögu um árlegt félagsgjald og fyrirkomulag á innheimtu þess, sbr. 2. tölul. 5. gr. og 12. gr. Nýir félagar greiða félagsgjald frá þeim tíma sem þeir eru teknir í klúbbinn. Heiðursfélagar eru undanþegnir félagsgjaldi, sbr. 6. tölul. 7. gr. grundvallarlaga klúbbsins.

7. gr.

Framkvæmd kosninga

Atkvæðagreiðslur um málefni klúbbsins skulu fara fram með handauppréttingu nema félagi óski eftir skriflegri kosningu. Stjórn getur ákveðið að atkvæðagreiðsla um tiltekið mál verði skrifleg.

8. gr.

Þjónustuleiðirnar fimm

Þjónustuleiðirnar fimm marka hugsjónalega og verklega umgjörð um starfsemi klúbbsins, sbr. 5. gr. grundvallarlaga hans. Þær eru klúbbþjónusta, starfsgreinþjónusta, samfélagsþjónusta, alþjóðþjónusta og ungmennþjónusta. Klúbburinn skal taka mið af öllum þjónustuleiðunum í starfi sínu.

9. gr.

Nefndir

1. Klúbbnefndum er ætlað á grundvelli þjónustuleiðanna fimm að vinna að því að uppfylla markmið klúbbsins bæði til skemmri og lengri tíma. Forseti, viðtakandi forseti og fráfarandi forseti skulu vinna saman til að tryggja samfellu í stjórnun og starfsemi klúbbsins, þ.á m. í störfum klúbbnefnda. Þegar mögulegt er skulu nefndarmenn skipaðir til allt að þriggja ára til að tryggja samfellu. Viðtakandi forseti skal velja félagi í nefndir í stað þeirra er hætta, skipa nefndarformenn og stjórna fundum fyrir upphaf starfsársins til að skipuleggja starfið. Mælt er með að nefndarformaður hafi áður setið í viðkomandi nefnd. Fastanefndir klúbbsins eru:
 - a. *Klúbbnefnd*. Nefndin skal koma á og innleiða leiðir til að ná til nýrra félaga og að halda þeim í klúbbnum. Hún fer yfir tillögur að nýjum félögum, sbr. 13. gr., og greinir stjórn frá afstöðu sinni. Í klúbbnefnd sitja fráfarandi forseti og næstu fjórir forsetar á undan honum. Sá þeirra sem fyrstur varð forseti er formaður nefndarinnar.
 - b. *Starfsgreinanefnd*. Nefndin heldur skrá yfir þær starfsgreinar í umdæmi klúbbsins sem talið er að átt gætu fulltrúa í klúbbnum og hverjar þeirra eiga þegar fulltrúa í klúbbnum. Nefndin skal endurskoða starfsgreinaskrána reglulega í samráði við stjórn og benda á mikilvægar starfsgreinar sem ekki eiga fulltrúa í klúbbnum. Við gerð starfsgreinaskrár skal farið eftir reglum og leiðbeiningum RI og tekið mið af starfsgreinaskrá RI. Hún skal tryggja að klúbbfélagar haldi fræðsluerindi um starfsgrein sína svo félagar fái innsýn í og skilning á starfi hvers annars og á því þjónustuhlutverki sem hver félagi gegnir í þjóðfélaginu á hverjum tíma.
 - c. *Samfélagsnefnd*. Nefndin skal stuðla að þátttöku klúbbsins í mannúðar- og samfélagsverkefnum og leggja fram tillögur um það hvernig klúbbfélagar geta lagt þessum málum lið. Þá skal hún kynna starf klúbbsins og mannúðar- og samfélagsverkefni meðal almennings.
 - d. *Alþjóðanefnd*. Nefndin skal stuðla að auknum skilningi milli þjóða, góðvild og friði með því að auka kynni félaga við fólk frá öðrum löndum og aðstæðum þess með auknum tjáskiptum og þátttöku í starfi og verkefnum klúbbsins sem ætluð eru til að liðsinna íbúum annarra landa.
 - e. *Ungmennanefnd*. Nefndin skal stuðla að aukinni þátttöku unglunga og ungs fullorðins fólks í leiðtogastarfi og þróun þess, þátttöku þeirra í þjónustuverkefnum heima og heiman, og í gagnkvæmum skiptaverkefnum sem stuðla að og styrkja frið í heiminum og menningarlegan skilning. Nefndin er tengiliður klúbbsins við æskulýðsnefnd íslenska rótarýumdæmisins og hefur umsjón með þátttöku klúbbsins í ungmennaskiptum á vegum Rótarý.
2. Forseta og stjórn er heimilt að skipa tímabundnar undirnefndir fastanefnda sem og tímabundnar nefndir um sérstök verkefni. Skal það gert með erindisbréfi þar sem hlutverk og skipan eru tilgreind.

10. gr.

Skipun og skyldur nefnda

1. Viðtakandi forseti skal yfirfara og endurskoða skyldur allra fastanefnda klúbbsins skv. 9. gr. fyrir hans starfsár og styðjast við viðeigandi skilgreiningar frá RI.
2. Sé þess talin þörf, skal hverri nefnd í upphafi starfsárs markaður ákveðinn starfsrammi í erindisbréfi umfram það sem segir í 9. gr. og 5. tölul. þessarar greinar. Í slíku erindisbréfi til nefndarmanna skulu tilgreind markmið og starfsáætlun til að vinna eftir á starfsárinu. Nefndir skulu að öðru leyti starfa eftir þeim reglum sem þeim eru settar af RI.

- Forseti skal fylgjast með því að allar nefndir klúbbsins ræki skyldur sínar. Hann getur í krafti embættis síns setið í öllum nefndum með full réttindi nefndarmanns.
- Nefndarformaður er ábyrgur fyrir starfi nefndar og að haldnir séu fundir reglulega. Hann fylgist með og stýrir nefndarstarfinu og upplýsir stjórn um starfið.
- Sé annað ekki ákveðið af stjórn, útvega fastanefndir klúbbsins fyrirlesara í þeim mánuðum sem hér greinir:

	Júlí	Ág.	Sept.	Okt.	Nóv.	Des.	Jan.	Feb.	Mars	Apr.	Maí	Jún.
Klúbbnefnd	X					X						
Starfsgreinanefnd		X					X				X	
Samfélagsnefnd			X					X				X
Alþjóðanefnd				X					X			
Ungmennanefnd					X					X		

11. gr.

Undanþága frá fundarsókn

Stjórn er heimilt að veita félaga undanþágu frá fundarsókn í mest tólf mánuði hafi hann óskað eftir því skriflega með rökstuðningi er stjórnin metur gildan, sbr. 3. tölul. 9. gr. grundvallarlaga klúbbsins.

12. gr.

Fjármál

- Fjárhagsár klúbbsins er frá 1. júlí til 30. júní, þ.e. hið sama og starfsárið.
- Stjórn skal fyrir upphaf hvers fjárhagsárs gera fjárhagsáætlun, þ.e. áætlun um tekjur og gjöld. Áætlunin skal lögð fram á aðalfundi, sbr. 2. tölul. 5. gr. Fjárhagsáætlun skal sundurliðuð þannig að hún sýni annars vegar útgjöld vegna venjulegrar starfsemi klúbbsins og hins vegar útgjöld vegna þjónustuverkefna. Starfi klúbbsins skal hagað í samræmi við fjárhagsáætlun.
- Félagsgjald skal ákveðið með hliðsjón af fjárhagsáætlun. Það innifelur árgjald klúbbsins, gjald til RI, gjald til íslenska rótarýumdæmisins og áskrift að Rotary Norden. Stjórn getur lagt til að félagsgjaldið innifeli framlag til Rótarýsjóðsins. Fyrirkomulag á innheimtu félagsgjalds skal ákveðið um leið og fjárhagsáætlun er afgreidd.
- Gjaldkeri greiðir reikninga fyrir hönd klúbbsins og tekur við greiðslum sem fylgja starfsemi hans.
- Gjaldkeri skal varðveita fé klúbbsins á bankareikningi.
- Tveir kjörnir skoðunarmenn skulu yfirfara og árita ársreikning klúbbsins með athugasemdum, ef einhverjar eru.

13. gr.

Val nýrra félaga

- Félagar geta komið tillögu um nýjan félaga skriflega til stjórnar eða klúbbnefndar. Aðrir rótarýklúbbar geta borið fram tillögu um að félagar eða fyrrverandi félagar í þeirra klúbbi verði gerðir að félögum í klúbbum. Farið skal með tillöguna sem trúnaðarmál uns afstaða klúbbsins liggur fyrir, sbr. 4. tölul.

2. Klúbbnefnd gengur úr skugga um að sá eða sú sem gerð er tillaga um uppfylli kröfur sem gerðar eru til nýrra félaga í grundvallarlögum klúbbsins. Formaður nefndarinnar tilkynnir stjórn niðurstöðu hennar.
3. Stjórn samþykkir eða synjar tillögu innan 30 daga frá því hún kemur fram. Ritari lætur félagann sem tillöguná bar fram vita af niðurstöðunni.
4. Samþykki stjórn tillögu um nýjan félag skal nafn viðkomandi ásamt starfsgrein kynnt klúbbfélögum. Hafi stjórninni ekki borist skrifleg rökstudd andmæli frá félögum (öðrum en heiðursfélögum) við inntöku viðkomandi innan sjö daga frá því tillagan var kynnt telst hann eða hún rétt kjörinn félagi. Skal þá forseti hafa samband við hann eða hana og bjóða velkomin(n) í klúbbinn. Samþykki viðkomandi að gerast félagi skal hann eða hún tekin(n) formlega í klúbbinn á fastafundi við fyrstu hentugleika, sbr. 6. tölul.
5. Hafi stjórn fengið andmæli við framkomna tillögu um nýjan félag skulu greidd atkvæði um hana á næsta stjórnarfundum. Ef tillagan er samþykkt þrátt fyrir fram kominn andmæli, þá telst viðkomandi rétt kjörinn félagi í klúbbnum.
6. Í framhaldi af kjörinu sér forseti um inntöku hins nýja félaga á fastafundi í klúbbnum og að honum sé afhent fræðslufni um Rótarý fyrir nýja félag. Forseti eða ritari skulu tilkynna RI og skrifstofu íslenska rótarýumdæmisins inngöngu hins nýja félaga. Sé það talið æskilegt, skal forseti tilnefna félag til að aðstoða hinn nýja félag við að aðlagast klúbbstarfinu og jafnframt fela hinum nýja félag verkefni er tengist starfi klúbbsins.
7. Enginn félagi má skýra frá neinu utan klúbbsins er varðar tilnefningu eða atkvæðagreiðslu um inntöku félaga í klúbbinn.
8. Klúbburinn getur samkvæmt tillögu stjórnar valið heiðursfélaga í samræmi við 6. tölul. 7. gr. grundvallarlaga klúbbsins.

14. gr.
Tillögur

Málefni eða tillögur sem fela í sér skuldbindingu fyrir klúbbinn skulu ekki bornar upp á fundi fyrir en stjórn hefur fjallað um þær. Komi slík mál fyrir fund án vitundar stjórnar skal þeim umræðulaust vísað til hennar.

Samskota má ekki leita og hjálparbeiðnir má ekki bera fram í klúbbnum eða á vegum hans nema með samþykki stjórnar.

15. gr.
Ýmislegt

Samskipti við félag fara fram á fundum eða með notkun tölvupósts (e. e-mail) og netsamskipta (e. internet), allt eftir eðli máls, sbr. einnig 18. gr. í grundvallarlögum klúbbsins.

16. gr.
Lagabreytingar

Tillögur um lagabreytingar skulu vera skriflegar og beint til stjórnar. Hún skal senda öllum félögum þær í tölvupósti eða dreifa á fastafundi a.m.k. einni viku áður en þær koma til umræðu. Í fundarboði skal tilkynna sérstaklega ef umræður/atkvæðagreiðsla um lagabreytingar eru á dagskrá.

Lögum þessum má breyta á hvaða fastafundi sem er, sé meirihluti félaga viðstaddur, og með atkvæðum 2/3 hluta viðstaddra. Breytingar á lögnum skulu vera í samræmi við grundvallarlög klúbbsins sem og grundvallarlög og sérlög RI. Nú er meirihluti félaga ekki viðstaddur og skulu tillögur að lagabreytingum þá lagðar á ný fyrir fastafund innan eins mánaðar. Sá fundur skal vera ályktunarfær, sbr. 4. tölul. 5. gr., og þarf atkvæði 2/3 hluta viðstaddra til að samþykkja breytinguna.

Ákvæði til bráðabirgða

Kjósa skal einn skoðunarmann til eins árs og annan til tveggja ára á kjörfundi 2011.

Sérlög þessi voru samþykkt á fundi í Rótarýklúbbum Reykjavík-Miðborg 16. maí 2011.